



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Umhverfisstofnun
Drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

2. maí 2013

Umsögn um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands til kynningar

Umrædd skýrsludrög voru lögð fram til kynningar 7. desember sl., til sex mánaða, sbr. upplýsingar á vefsíðu Umhverfisstofnunar og á vefnum vatn.is. Rétt er að hrósa stofnuninni fyrir þau vinnubrögð að gefa umsagnaraðilum þennan tíma til að kynna sér og fjalla um efni skýrsludraganna.

Ekki kemur á óvart sú almenna niðurstaða skýrsluhöfunda að yfirleitt sé lítið álag á vatn á Íslandi og að búast megi við að það sé yfirleitt í góðu ástandi, einkum ef miðað sé við önnur Evrópulönd. Aðstæður eru um margt sérstakar hér, landið auðugt af vatni og það jafnframt mjög stórt miðað við fólksfjölda og umsvif fólks og fyrirtækja. Samorka vill þó gera nokkrar athugasemdir við skýrsludrögin.

Að mati Samorku líða drögin nokkuð fyrir skort á ritstjórnarstefnu og heildarsýn. Þannig virðist t.d. sem vatnaráð mismunandi svæða hafi ekki nálgast verkefnið út frá samræmdum vinnureglum. Þá er að mati Samorku ámælisvert að fjallað er um sum fyrirtæki eða einingar þeirra án þess að þau hafi í öllum tilvikum (virðist vera misjafnt milli svæða) fengið tækifæri til að tjá sig um þá texta fyrirfram. Þá skyldi ætla að nálgun skýrslu á borð við þessa byggði á að fjalla um stöðu vatns og þá væntanlega út frá fyrirliggjandi upplýsingum um stöðu vatnshlota. Nálgunin er hins vegar sú að í raun er fjallað um ýmsa atvinnu- og þjónustustarfsemi og afar nákvæmar upplýsingar iðulega týndar til sem vandséð er að erindi eigi inn í slíka umfjöllun (svo sem að fitugildra sé full hjá tilteknu kjúklingabúi). Að mati Samorku væri því rétt að endurskoða þá nálgun sem beitt er við ritun skýrslunnar og jafnframt mikilvægt að samræma þær vinnureglur sem gilda hjá mismunandi vatnaráðum.

Hér verða ekki gerðar athugasemdir við umfjöllun skýrsludraganna um áhrif tiltekinna fráveitna eða virkjana á umrædd vatnshlot, heldur vísast í umsagnir umræddra aðila þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri